

## Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: Topp Extra olíu- og tjöruhreinsir

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Olíu- og tjöruhreinsir.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili: Heildverslun B.B. Ehf  
Smiðjuvegi 40 (gul gata)  
200 Kópavogur

Sími: 5537379  
Netfang: [heildbb@simnet.is](mailto:heildbb@simnet.is)

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H302	Hættulegt við inntöku	Bráð eit.4
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H412	Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum	Langv.eit.á vatn 3

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):

Xn	H22	Hættulegt við inntöku
Xi	H36/38	Ertir augu og húð
	H52/53	Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn:



Viðvörðunarorð: VARÚÐ

Hættusetningar

H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H412	Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P260	Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P262	Má ekki koma í augu eða á húð eða fót.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífvar/andlitshlífvar.
P301+P310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvífalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
P331	EKKI framkalla uppköst.

Inniheldur: Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt

**2.3 Aðrar hættur:**  
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
(**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:**

Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt (white spirit)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - <20
Raðnúmer	649-330-00-2	Varnaðarmerki:	N, Xn
EINECS, ELINECS	265-185-4	H-setningar	H10, H51, H53, H65, H66
CAS	64742-82-1	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökví 3 - <b>H226</b> , Eit.v.ásvelg.1 - <b>H304</b> , SEM-VES 3 - <b>H336</b> , Langv.eit.á vatn 2 - <b>H411</b>			

Alkóhól etoxýlat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - <20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xn, N
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	H22, H38, H41, H51/53
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - <b>H302</b> , Húðert.2 – <b>H315</b> , Augnskað.1 – <b>H318</b> , Langv.eit.á vatn 2 – <b>H411</b>			

Glútamínsýru, N, N-diedíksýru tetranatríumsalt			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	<5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	C
EINECS, ELINECS	257-573-7	H-setningar	H34
CAS	51981-21-6	Flokkun, hættumerking	Ætandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Málmæt.1 - <b>H290</b>			

**Annað:**

"Athugasemd P - flokkun efnis sem krabbameins- eða stökkbreytingavalds á ekki við, sé sýnt fram á að viðkomandi efni innihaldi minna en 0,1% (b/p) af bensen (EINECS 200-753-7).

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Stöðvist öndun, skal veita öndunarhjálp.
<b>Innöndun:</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
<b>Snerting við húð:</b>	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
<b>Snerting við augu:</b>	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinnur fyrir skolon. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Inntaka:</b>	Leitið strax lækni. Gefið vatn eða mjólk að drekka. Framkallið ekki uppköst, ásvelgingarhætta. Haldið höfði lágt við uppköst þannig að varan berist ekki í lungu. Sýnið öryggisblaðið.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

<b>Innöndun:</b>	Höfuðverkur, svimi, þreyta, ógleði, uppköst. Skaði á miðtaugakerfi við langvinna innöndun.
<b>Snerting við húð:</b>	Ertir húð.
<b>Snerting við augu:</b>	Augnerting, sviði.
<b>Inntaka:</b>	Getur valdið ógleði, uppköstum, niðurgangi, vanlíðan. Ásvelgingarhætta. Hætta á myndun lungnabjúgs eða lungnabólgu, berist varan í lungu.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkvíaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkvídúft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim en brennanleg. Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu á brunastað.

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

### 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti. Fjarlægjið mengaðan fatnað.

#### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

#### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerði varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg.

Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

#### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

### 7. Meðhöndlun og geymsla

#### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

#### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi.

Forðist hátt hitastig, beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

#### 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

### 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

#### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Annað
Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt (white spirit)		300			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

## 8.2 Váhrifavarnir:

### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn.

#### Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska. Mælt er með notkun verndarkrems á hendur.

#### Húð - annað

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

#### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Litlaus
pH - óþynnt:	12
pH - 1% vatnslausn:	10
Bræðslumark:	-4°C
Suðumark:	100°C
Eðlismassi:	0,97-0,99 g/cm <sup>3</sup>
Leyсанleiki í vatni:	Myndar þeytu í vatnslausn
Seigja:	50 mPas

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, og aðrir íkveikjuvaldar.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er ekki eldfim en brennanleg. Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt (white spirit)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	mús	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Engin erting			
Alvarlegur augnskaði		Engin erting			
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Stökkbreytingar gerla		Engar vísbendingar			
Ásvelgingarhætta		Já			

<b>Innöndun:</b>	Höfuðverkur, svimi, þreyta, ógleði, uppköst.
<b>Snerting við húð:</b>	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
<b>Snerting við augu:</b>	Sviði.
<b>Inntaka:</b>	Getur valdið ógleði, uppköstum, niðurgangi, vanlíðan. Ásvelgingarhætta. Hætta á myndun lungnabjúgs eða lungnabólgu, berist varan í lungu.
<b>Langvinn eiturhrif:</b>	Öndunarerfiðleikar, minnstruflanir, meðvitundarleysi, varanlegur skaði á miðtaugakerfi.
<b>Markliffæri:</b>	Húð, miðtaugakerfi, augu, öndunarfæri, lungu.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Varan er skaðleg lífi í vatni. Hún brotnar fremur hægt niður og er gert ráð fyrir að hún geti valdið umtalsverðum skaða.

Nafta (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt (white spirit)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	1-10 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1-10 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1-<10 mg/l		Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		70%	28 d		Brotnar niður
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	>3			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Leysanleiki í vatni			20 mg/l við 20°C		

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

**ADR:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

**IMDG:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

**IATA:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010. Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H10	Eldfimt
H22	Hættulegt við inntöku
H34	Ætandi
H38	Ertir húð
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H51	Eitrað vatnalífverum
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H53	Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

H226	Eldfimur vökvi og gufa
H290	Getur verið ætandi fyrir málma
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

**Útgáfa/Dags:** 1/05.03.2015

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.